

## **116. fundur hverfisnefndar Holta- og Hlíðarhverfis haldinn að heimili formanns, 23. maí 2019.**

**Mættir:** Auður Inga Ólafsdóttir, Berglind Rafnsdóttir, Einar Gauti Helgason, Eiríkur K. Aðalsteinsson, Helgi Stefánsson, Páll Árdal og Víðir Benediktsson. 100% mæting.

### **1. Aðalfundur hverfisnefndar**

Fundurinn var haldinn 10. apríl sl. í Glerárskóla. Auglýst í Dagskránni 3. apríl. Haft var samband við bekkjaráð 9. bekkjar Glerárskóla um að hafa hlaðborð en þeir gáfu það frá sér og því var farið í bakaríð. Á fundinn mættu 19 gestir fyrir utan stjórnina og ræðumann. Það er eins og áður, mjög lítil mæting á aðalfundina. Nefndin heldur áfram fyrir utan Helga og Berglindi, sem hætta nú eftir margra ára setu. Fundurinn fór vel fram og mynduðust miklar umræður um leikskólann sem nú fer að rísa á komandi árum, við Glerárskólann. Vonandi opnar hann 2021 eins og Guðríður ræðumaður sagði á fundinum.

### **2. Glerárskóli – viðhald**

Unnið er að viðhaldi í Glerárskóla þessa dagana. Búið er að flytja allt úr B-álmum og á að taka allt nýtt þar inn. Bæði veggi og tæki. Þakið verður líka tekið í gegn. Verklok um miðjan ágúst. Áætlað er að taka D-álmum á komandi ári. Íþróttahúsið verður tekið í gegn innanhúss og munu viðgerðir standa yfir í sumar.

### **3. Sundlaug Glerárskóla**

Opnunartími sumarsins hefur verið settur niður og mun vera frá 6:45 – 21:00 alla virka daga. Á laugardögum er opið frá kl. 9:00-14:30. Það gleður okkur að opnunartími skuli ekki vera skertur á hverfislauginni eins og gera átti í fyrra sumar.

### **4. Skipun nýs nefndar**

Tímabundinn formaður: Einar Gauti Helgason, ritari: Auður Inga Ólafsdóttir, skólaráð: verður ákveðið í haust. Send verður inn skráning af nefndinni til Akureyrarbæjar.

Inn í nýja stjórn langar okkur að fá einhvern sem getur verið fulltrúi okkar um leikskólamálin. Komum til með að auglýsa eftir slíkum fulltrúa á facebook síðu okkar.

### **5. Leikskólamálin**

Komin er auglýsing um kynningu á breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 vegna lóðar við Glerárskóla. Breytingin felur í sér stækkun á lóð Glerárskóla, til vesturs að Drangshlíð. Fyrirhugað er að byggja nýjan leikskóla á þessu svæði, með aðkomu frá Drangshlíð. Drög að deiluskipulagi eru einnig lögð fram.

Ekki þótti hverfisnefnd þörf á að tjá sig um breytinguna á aðalskipulaginu vegna byggingar leikskóla en að sjálfsögðu verður vel rýnt í deiliskipulagið.

Margt rætt og hverfismönnum þakkað fyrir störf sín í nefndinni með fráfarandi formanni sem að sjálfsögðu bauð upp á köku í tilefni þess. Næsti fundur 3.sept 2019. Gleðilegt sumar

Berglind Rafnsdóttir, fráfarandi formaður og ritari.